

Nd. 212. Frumvarp til raforkulaga.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 72, með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Ríkinu einu er heimilt að reisa og reka raforkuver, sem eru stærri en 100 hestöfl.

Réttur sá, sem ríkinu er áskilinn samkv. 1. málsgrein, verður ekki framseldur, nema samþykki Alþingis komi til. Þó er þeim, sem við gildistöku þessara laga eiga og reka eða eiga í smíðum raforkuver, sem eru stærri en 100 hestöfl, heimilt að reka þau áfram. Enn fremur er ráðherra heimilt að fengnum tillögum raforkumálastjóra að veita sveitarfélagi, einstökum manni eða félagi leyfi til að reisa og reka raforkuver allt að 500 hestöflum að stærð til að fullnægja rafafliþörf sinni, ef rafveitur ríkisins eða héraðsveita geta eigi eða óska eigi að láta rafaflið í té.

7. gr. hljóðar svo:

Engum nema rafveitum ríkisins er heimilt að selja raforku í heildsölu. Þó mega Reykjavíkurborg, Akureyrarkaupstaður, Siglufjarðarkaupstaður, Ísafjarðarkaupstaður og Andakilsárveitun selja héraðsrafveitum sínum og rafveitum ríkisins raforku í heildsölu frá orkuverum þeim, sem aðilar þessir eiga nú eða hafa þegar hafið byggingu á.

Réttur sá, sem rafveitum ríkisins er áskilinn samkvæmt 1. málsgrein, verður ekki framseldur, nema samþykki Alþingis komi til.